

Skorradalshreppur

Landslagsgreining

UMSK IV 2016



Landslagsgreining

Verkefnið unnu:

Guðrún Jensdóttir

Viktoría Ýr Norðdahl

Vilborg Þórisdóttir

31. mars 2016


Efnisyfirlit

Inngangur	1	Náttúrufar	28	Karaktersvæði	48
Markmið	2	Berggrunnur	29	Karaktersvæði 1 - Norðan Skarðsheiðar	50
Staðsetning	3	Jarðvegur	31	Karaktersvæði 2 - Við Skorradalsháls	52
Staðarhættir	6	Skriðuföll	32	Karaktersvæði 3 - Skógræktin	54
Landmótun	7	Vatnafar	33	Karaktersvæði 4 - Háafell	56
Snið	8	Skóglendi	35	Karaktersvæði 5 - Fitjahlíð	58
Aldursdreifing íbúa	9	Yfirborðsflokkun	37	Karaktersvæði 6 - Dalsbotninn	60
Sérbýli	10	Gróður í Skorradalshrepp	38	Karaktersvæði 7 - Vatnshornsskógur	62
Byggð	11	Dýralíf	39	Karaktersvæði 8 - Drageyri	64
Fjöldi býla og sumarhúsa	12	Veðurfar	41	Heimildarskrá	66
Eyðibýli	13	Árstíðir	42	Myndaskrá	67
Þjónusta	15	Skuggakort	44		
Landbúnaður	17				
Orka og veitur	18				
Auðlindir	19				
Andakílsárverkjun	20				
Menningarminjar	21				
Samgöngur	23				
Friðland	25				
Sjónræn greining	26				

Inngangur

Skorradalur er um 25 km að lengd, hlykkjóttur og frekar þröngur, nema neðst þar sem Skorradalsvatn liggur. Skorradalshreppur er syðstur Borgarfjarðadala og aðliggjandi sveitafélög eru Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð. Skorradalshreppur er eini hreppurinn í Borgarfirði sem ekki tilheyrir Borgarbyggð. Mörk Skorradalshrepps í norðri ná austur af Hesthálsi um Skorradalsháls eftir mörkum jarða og austur í Eiríkswatn. Í vestri liggja þau sunnan Andakílsár og í suðri fylgja þau jarðarmörkum frá Efstabæ vestur um Botnsheiði að Glámu.

Í sveitafélaginu eru um 53 íbúar fyrir utan alla þá sumarhúsa eigendur sem eru í dalnum en hreppurinn er 216 ferkílómetrar að stærð. Akstur frá Reykjavík tekur um klukkustund og akstur í Borgarnes tekur um korter. Helsta starfsemi í hreppnum er skógrækt og landbúnaður. Hreppurinn er með samning við Borgarbyggð um skólagöngu barna á Kleppjárnsreykjum og á Hvanneyri, sem og í tónlistaskólann og framhaldsskólann í Borgarnesi. Félagsþjónusta er í einnig í samvinnu við Borgarbyggð og er hreppurinn aðili að Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Ýmis þjónusta er þó í Skorradalshreppi og má þar helst nefna Hreppslaug, Fitjakirkju og einnig eru nokkur bátalægi. Tjaldsvæði eru í Selskógi, á Indriðastöðum, á landi Grundar og við skátaheimilið Skátafell en það eru engin hótél né bændagisting í hreppnum.




Markmið


Markmiðið með þessu verkefni er að draga fram staðarhætti og sérstöðu Skorradalshrepps með landslagsgreiningu. Það er gert svo hægt sé að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um framtíðarþróun svæðisins, varðveita helstu sérkenni og styrkja landslagið, ásamt því að styrkja sveitafélagið sjálft. Staðir hafa sérstakann staðaranda og hefur hann áhrif á það hvernig fólk upplifir mismunandi svæði. Því er mikilvægt að draga hann fram og styrkja hann enn frekar.

Efnið sem sett er fram í þessari skýrslu byggist á vettvangsferðum, aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022, gagnagrunni ArcGIS og ýmsum öðrum aðgengilegum heimildum.

Tvær tilgátur eru uppi um heiti Skorradals. Samkvæmt landnámu dregur dalurinn nafn sitt af Skorra, sem „nam Skorradal fyrir ofan vatn“. Aðrir telja hins vegar að heitið eigi rót sína í gelíska orðinu „sgorr“ sem merkir tindur eða hyrna, en hyrnur Skarðsheiðar eru áberandi kennileiti á svæðinu.



Staðsetning



Borgarnes

Reykjavík

Þingvellir


Fjarlægðir frá Skorradal:
Reykjavík 82 km áætlaður tími 1 klst
Borgarnes 17,6 km áætlaður tími 18 mín
Akranes 47 km áætlaður tími 37 mín
Þingvellir yfir Uxahryggi 66 km áætlaður tími 53 mín




Staðarhættir

Landmótun


„Skessur tvær voru í fyrndinni á Skarðsheiði og gjörðu þær svo mönnum og skepnum mein að vegurinn þar lagðist af. Einu sinni fór bóndi einn suður fyrir heiðina og fann skessu á leiðinni, ekki segir af viðskiptum þeirra en þegar hann kom heim um kveldið dró hann á eftir sér hryssu sína dauða. Sjálfur dó hann viku síðar. Fóru þá nokkrir menn yfir heiðina og röktu leið sína eftir slóð einni, lá hún vestur fjallið og var öll með blóðdrefjum. Komu þeir svo að helli einum sem lá svo hátt að enginn komst upp í hann en töldu menn að bóndi hafi orðið skessunni að bana. Aðrir segja að klukkur hafi fælt þær burt því nú eru engin tröll á heiðinni.” (Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. 2 bindi, Jón Árnason.)




Snið



Aldursdreifing íbúa



Sérbylí



Byggð

Samvæmt Hagstofu Íslands búa í dag 53 manns í Skorradalshrepp. Föst búseta er samtals á átta jörðum, þar af tvíbýli á tveimur þeirra. Frístundabyggð er á tíu jörðum, og eru félög sumarbústaðaeigenda starfrækt í Dagverðarnesi, á Fitjum, á Hálsum, í Hvammi, á Indriðastöðum og Vatnsenda. Norðan megin við Skorradalsvatn eru flest frístundahús. Samtals fjöldi frístundahúsa þann 1. desember 2009 voru 494 talsins, en gera má ráð fyrir að í dag sé fjöldi þeirra komin í hátt í 600. Sveitarfélagið hefur sett hámarksfjölda frísundahúsa við 800. Áætla má að aðkomufólk sem sækir Skorradal geri það flest í tengslum við frístundabyggð sem þar er. Nokkuð hefur verið um innbrot í bústaðahverfum dalsins, en það var ekki langt síðan að Skorradalshreppur fjárfesti í öryggismyndavélum til að sporna við þeim. Dalurinn var þannig girtur af með þessum vélum og á sama tíma sett upp símastýrð öryggishlið víða. Eftir þetta hefur lítið verið um innbrot á frístundasvæðum í dalnum.




Fjöldi býla og sumarhúsa


Fjöldi býla ~ 50



Fjöldi sumarhúsa ~ 600



Eyðibýli



Litla-Drageyri byggt 1931 fór í eyði 1977, er í eigu Skógræktar ríkisins



Stóra-Drageyri byggt 1924 fór í eyði 1966.



Hagi byggt 1927-8 fór í eyði árið 1996.



Vatnshorn byggt 1937 fór í eyði 1961.




Bakkakot byggt 1931 fór í eyði 1964 og þá keypti Skógrækt ríkisins jörðina.



Sarpur byggt 1938 fór í eyði 1970 og þá keypti Skógrækt ríkisins jörðina.

Þjónusta




Hreppslaug: Sundlaugin er steinsteypt og var byggð um 1928-29 af Ungmennafélaginu Íslendingi. Laugin er skammt frá bænum Efri-Hrepp í Andakíl. Laugin hefur mikið gildi fyrir menningar- og félagslíf héraðsins.

Í **Dagverðarnesi** og á **Hvammi** eru tvö svæði sem ætluð eru til útiveru, staðirnir voru áður fyrr landbúnaðarsvæði, en á þeim er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Gert er ráð fyrir 11 opnum svæðum til sérstakra nota eins og á Fitjum, þar er leiksvæði tengt frístundabyggð og einnig er þar menningarrjóður. Á Grund er tjaldsvæði/leiksvæði, á Hvammi er bátalægi og er margt fleira í boði á þessum 11 stöðum. Einnig er talað um opin skógarsvæði til sérstakra nota eins og útivist.



Fitjakirkja er bændakirkja, ein örfárri á landinu og er kirkjan staðsett við austurenda Skorradalvatns. Kirkjan var byggð á árunum 1896-97 sem útkirkja frá Lundi. Mannauðn er nú í sókninni og er því aðeins messað í kirkjunni á sumrin, 2-3 sinnum hvert sumar, einkum fyrir velunnara kirkjunnar og ferðamenn í Skorradal. Bændurnir Júlíus og Stefán Guðmundssynir á Fitjum byggðu kirkjuna og var hönnuðurinn Eiríkur Þorsteinsson. Hún er ein af síðustu kirkjum sem byggðar voru í hinum gamla turnlausa og fábreytta stíl.



Hreppslaugin var fyrsta steinsteypta sundlauginn í Borgarfirðinum og var um árabíl helsta útisundlaugin.


Messað er í kirkjunni 2-3 sinnum hvert sumar.

Fitjakirkja var fríðuð 1. janúar 1990.


Fitjakirkja var og er enn bændakirkja.

Hreppslaug var fríðlýst 28. maí 2014.

Landbúnaður




Orka og veitur



Auðlindir

Námur: 30 námur eru í Skorradalshrepp og eru þar meðal annars átta nýjar. Það eru 19 námur kortlagðar á kortinu hér fyrir neðan, ekki eru sýndar nýju námunar.



Andakílsárvirkjun

Virkjunin er vatnsaflsvirkjun í Borgarfjarðarsveit sem reist var á árunum 1945-47. Virkjunin var á sínum tíma reist af sveitarfélögunum á Vesturlandi en tilheyrir í dag Orkuveitu Reykjavíkur. Í október 1947 var virkjunin gangsett, hún var þá þriðja stærsta virkjunin á landinu.

Árni Pálsson verkfræðingur var hönnuður stöðvarhússins og stíflumannvirkjana. Hann var jafnframt tæknilegur ráðunautur verksins ásamt Jakobi Guðjohnsen. Andakílsárvirkjun var því fyrsta stóra virkjunin sem var að öllu leyti hönnuð og reist af Íslendingum.



Menningarminjar




Rúst og garðar á Indriðarstöðum



Várða á Indriðastöðum



Várða á Indriðastöðum



- Fornleið
- Gerði
- Rúst
- Rúst og garðar
- Skotbyrgi
- Várða
- Álfhóll

Meiri hluti af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum, sem oftast en ekki er enn búið á.



Fornleið

Í Álfhólnum á að hafa sést ljós og heyrst mannamál.



Álfhóll



Skotbyrgi

Engar friðlýstar fornminjar skv. þjóðminjalögum eru í Skorradalshreppi.



Várða á landi Fitja



Várða á landi Fitja

Fornleifum stafar í dag mest hættu af skógrækt og aukinni sumarbústaðabygð.



Gerði norðan við Fitja



Várða á landi Efstabæjar



Várða á landi Efstabæjar


Líklegt er að meirihluti fornleifa hafi eyðilagst á 20. öld og sést nú lítið brot þeirra rústa sem áður voru til.



Fornleið Síldarmannagötur

Samkvæmt heimildum var þingstaður á Indriðastöðum í margar aldir, en engar minjar hafa fundist um það.

Samgöngur




Tengivegur liggur við hreppamörk við Borgarbyggð og að Fitjum, einnig liggur tengivegur yfir Hestháls milli Skorradals og Lundarreykjadals og var þetta aðal samgönguæðin yfir í Borgarfjörð áður en Borgarfjarðarbrúin var reist. Bundið slitlag er frá hreppamörkum að norðanverðu og inn að landamörkum Vatnsenda og Hvamms, annars eru einungis malarvegir. Landvegur liggur frá Fitjum inn á Uxahryggjaleið og síðan er safnvegur frá Dragavegi inn með Skorradalsvatni að sunnanverðu að Felli. Engir afmarkaðir göngustígar eru meðfram aðalvegum, og eru því göngu-, reið-, og hjólaleiðir ekki aðrar en þeir vegir ásamt slóðum á svæðinu. Helstu skilgreindu gönguleiðir á svæðinu eru eftirfarandi:

1. Upp úr dalnum að Eiríksvatni, yfir Vegg, að Hvalvatni, yfir Leggjarbrjót, að Svartárkoti og niður í Þingvallabjórðgarð.
2. Um Síldarmannagötur niður í Hvalfjarðarbotn.
3. Upp að Eiríksvatni og Reyðarvatni á Uxahryggjum.




Síldarmannagötur er fornleið, sennilega frá um 1550 eða fyrr, og liggur úr Hvalfírði yfir Botnsheiði og niður í Skorradal til móts við bæinn Sarp. Gönguleiðin er fjölfarin í dag, sem dagsferð og er hún um 13 km löng. Öll leiðin er merkt vörðum og stikum, hún er um 0,5-2 m breið og er stundum aðeins ein reiðgata. Nafnið er talið koma frá því tímabili sem síldveiðar voru stundaðar í miklum mæli fyrr á öldum. Svo mikið á að hafa verið af henni að helst var hún veidd með varnargörðum sem hlaðnir voru á fjöru og henni svo mokað upp á flóði.

Friðland



- Friðland/Náttúruverndarsvæði
- Svæði á náttúruminjasrá 1996
- Friðlýst svæði


Sjónræn greining



Flötur

Rúmtak

Lína



Lokað
rými

Breytilegar
línur

Manngerð
lína



Náttúrufar


Berggrunnur

Mest öll Borgarfjarðasýsla er hluti af blágrýtismyndun Íslands þar með talinn Skorradalur. Þar er blágrýti lang algengasta bergtegundin, en þó kemur líparít fyrir á nokkrum stöðum, einnig má finna þunn lög úr ýmis konar móbergi á milli blágrýtislaganna. Þau eru að mestu úr hörnuðum árframburði, gosösku, gjalli og fleiru. Blágrýtismyndunin er mest megnis úr víðáttumiklum blágrýtislögum sem hlaðist hafa hvert ofan á annað og má sjá þau í dag sem hamrabelti í hlíðum fjallanna. Þau eru upprunalega hraunflóð sem að runnið hafa frá eldstöð yfir flatt land.

Móbergið molnar fyrr en blágrýtið og sést það best sem beltaskipting í landslaginu. Blágrýti er storkuberg, dökkt á lit, þungt í sér og því á vatn erfitt með að vinna á því. Líparít sem einnig er storkuberg finnst til dæmis norðan undir Skarðsheiði fyrir ofan Indriðastaði. Bergið í dalnum er um 3,3 – 8,5 milljón ára gamalt. En þegar komið er upp á Botnsheiði og á innsta hluta Skorradalsháls taka þó við yngri basískt og ísúrt hraun eða móberg um 0,8 – 3,3 milljón ára gamalt. Dalurinn sjálfur er mótaður af framhlaupi skriðjökuls, sem virðist hafa gengið fram dalinn, en ekki unnið á berghafti sem lokar dalnum skammt fyrir ofan Efri Hrepp.



Jarðvegur



- Mójörð
- Svartjörð
- Bergjörð
- Brún-, svart og votjörð
- Mela- og malarjörð

Jarðvegsrof í Skorradal er aðallega á ströndinni þegar vatnsborðið er hátt.

Efra vatnasvið Andakílsár er framræst votlendi að hluta. Sunnan Andakílsá er að mestu þurrt mólendi og ræktað land.

Melajörð, eða glerjörð, einkennist af mól og grjóti og er fremur snauð af lífrænum efnum. Þetta er ungur jarðvegur og því ekki mjög þróaður.

Svartjörð kallast dæmigerður votlendisjarðvegur sem hefur þó ekki nægilega mikið af lífrænum efnum til að teljast til mójardar.

Mest er af brúnjörð í hreppnum en hún er alla jafna þurr og kolefnissnauð, og er dæmigerð mold gróins þurrlendis.

Á vatnasviði Fitjaár er um 1 km² óraskað votlendi. Þar er talin vera einstök mýrargerð sem er verðmæt fyrir allt Borgarfjarðarhérað. Alaskalúpina er þar ríkjandi.

Skriðuföll

Mikið er um gamlar heimildir um skriðuföll í Skorradalnum.

Bakkakot: „Hlunnindi önnur, kosti og ókosti hefur þetta býli sameiginlegt og óskipt við heimajörðinni á Fitjum nema hvað hér er ekki skriðuhætt á túnið, vide Fitja” (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707).

Fitjar: „(1701) Miðvikudaginn fyrstan í vetri, sem var 26. 8bris, hljóp stór skriða á túnið á Fitjum í Skorradal úr fjallinu og á milli túnanna allt ofan í mýri, svo og að húsagarðinum, en fyrir guðlega hjálp sakaði ekki húsin. Hún var að breidd nær 40 faðmar. Tvær skriður aðrar fyrir ofan túnið tóku sig upp. Sú vestari hljóp fyrir utan túnið og gjörði túninu ei stóran skaða, en sú þriðja lenti langt fyrir ofan túnið í fjallinu. Á þeim degi hlupu alls 13 skriður nálægt Fitjum, með stórum og smáum. Ekki vissu menn skriður á Fitjatún fyrr fallið hafa eða þvílíkt jarðarumrót þar verða (Setbergsannáll) „(1701) Þá hlupu skriður víða í Skorradal, og gerðu stóran skaða á túni og engjum, sérdeilis á Fitjum” (Grímsstaðaannáll)



Hvammur „Túninu granda jarðföll og skriður. Hætt er skógi, túnum og haga fyrir snjóflóðum”

Dagverðarnes „Túninu granda lækjarskriður”

Horn „Túninu granda grjótskriður úr ánni, sem fellur hjá 19 bænum, og er jafnan uggvænt fyrir þeim skaða, og er ekki bænum fyrir því óhætt”

Stólpastaðir „Túninu grandar lækjarskriða úr fjalli”

Háafell „Túninu granda leirskriður úr fjalli”

Fitjar „Engjum og túnum granda fjallskriður til stórskaða. Ekki er bænum óhætt fyrir fjallskriðum. Landið fordjarfa og fjallskriður til stórskaða”

Vatnshorn „Túninu granda fjallskriður stórlega. Ekki er heldur bænum óhætt fyrir fjallskriðum og snjóflóðum”

Mófellsstaðakot „Túninu spillir lækjarskriða”

Vatnafar

Skorradalsvatn er jökulgrafið dalvatn. Það er rúmlega 16 km að lengd, 14,7 km² að flatarmáli og er mesta mælda dýpi um 50 m. Breidd vatnsins er yfirleitt ekki nema 1-1½ km en er þó mjórri á köflum, sérstaklega við bæinn Haga. Í Skorradalsvatni lifa nú þrjár fisktegundir, það eru bleikja, hornsíli og urriði. Fitjaá er helsta innrennslisá Skorradalsvatns og eru upptök árinna í Eiríksvatni. Marga fallega fossa er þar að finna, þar má helst nefna fossinn Hvítserk. Áin er dragá, nokkuð miðluð af stöðuvatni og er rúmlega 10 km að lengd. Aðrar ár sem falla í Skorradalsvatn er einna helst Dragá, sem fellur um miðja sunnanverða strönd vatnsins, auk fjölda lítilla lækja umhverfis allt vatnið. Andakílsá rennur svo úr vesturenda Skorradalsvatns og fellur í Hvítá í Borgarfirði.

Ormurinn í Skorradalsvatni

Sagt er að leggi maður gull undir brekkusnigil eða lyngorm vex bæði ormurinn og gullið uns hann verður stór og mannskæður verði hann ekki drepinn. Ormurinn er elskur gullinu og lætur fyrr drepa sig á því en að flæma sig af því. Slíkur ormur er sagður vera í Skorradalsvatni og á hann uppruna sinn að rekja til þess þegar stúlka ein vildi athuga hvort rétt væri þessi sögusögn um orma og gull. Lagði hún snigil á gull í öskju og þegar hún síðar vitjaði hans hafði askjan sprungið undan honum. Stúlkan varð hrædd og henti ormi og gulli í Skorradalsvatn. Er ormurinn nú stór og lét hann meðal annars bera á sér fyrir svartadauða og stórubólu.



Kvíafoss




Hvítserkur



Keilufoss og Kvíafoss



Ormurinn í Skorradalsvatni



14,7 km² að flatarmáli.

Vatnið er 16 km langt.

Um 50 m djúpt.


Skóglendi

Háafellsreitur: Árið 1938 í landi Háafells voru gróðursett fyrstu barrtréin í Skorradalnum af ungmennafélögum í Dagrenningu.


Stálpastaðaskógur: Í skóginum eru vöxuleg tré að mestu leiti rauðgreni og sitkagreni og þar liggja fallegar gönguleiðir, með um þrjátíu merktum trjategundum frá sjötíu stöðum um allan heim. Frá árinu 1952 hafa verið gróðursettar rúmlega 600.000 plöntur af 28 tegundum á rúmlega 100 ha land, úr skóginum koma mörg stærstu jólatorgstré landsins. Skógurinn hefur verið í eigu Skógræktar ríkisins frá 1951 þegar Haukur Thors og kona hans ánöfnuðu Skógræktinni landið og var skógurinn friðaður.

Vatnshornsskógur: Skógurinn er vöxtulegasti náttúrulegi birkiskógur á Vesturlandi. Skógurinn er friðlýstur og er sannkölluð náttúruperla, Vatnshornsskógur er sunnan við Skorradalsvatn. Hluti skógarinnss gengur einnig undir öðru nafni, Klausturskógur.

Selskógur: Í skóginum er skemmtilegt tjaldstæði í birkikjarri en barrtré eru ríkjandi í skóginum, rauð- og sitkagreni. Víða eru gönguleiðir í gegnum kjarr og gróðursettan skóginn, einnig rennur Sellækur um skóginn og framhjá tjaldsvæðinu. Selskógur er í landi Indriðastaða, sunnan við Skorradalsvatn.



Yfirborðsflokkun



Lítið gróið:
melar og urðir,
sandar og hraun.

Votlendi:
einkennist af hárrí
stöðu grunnvatns þar
sem vatnið nær yfir,
eða liggur rétt undir
jarðvegsyfirborði.

Mólendi:
er þurrlegt
jarðvegurinn oftast
þykkur og yfirborðið
er gjarnan þýft.

Gróður í Skorradalshrepp



Dýralíf



Skorradalurinn er auðugur af hinum ýmsu dýrategundum, og þá sérstaklega af fjölskrúðugu **fuglalífi**. Þéttleiki flestra fuglategunda að undanskildum spörfuglum virðist hins vegar vera fremur lítill.

Þá er svæðið sértaklega ríkt af ýmsum varptegundum, sem eru um 27 talsins. Ársfuglar eru meðal annars hrafn, rjúpa og snjótittlingur og á vorin má sjá flesta farfugla af vað- og spörfuglaætt, eins og spóa, hrossagauk, maríuerlu, skógarpröst auk heið- og sandlóu.

Tegundaauðgi fugla er mismunandi eftir svæðum, enda skiptist dalurinn upp í mörg möguleg búsvæði hinna ýmsa tegunda. Til dæmis hafa hrafn, fálki og smyrill aðsetur sitt í gilum. Við Skorradalsvatn er himbrimi tíður gestur, sem og krían. Þar hafa einnig sést tjaldur, sandlóa og hinar ýmsu endur.

Ljóst er að skógrækt á svæðinu hefur haft í för með sér mikar breytingar á vistkerfi svæðanna og orðið til þess að tegundafjölbreytni í dalnum hafi aukist. Í birki- og greniskógum dalsins einkennist fuglalífið af skógarpresti, auðnutittlingi og músarindli auk margra annarra tegunda. Grágæsin hefur gerst ágeng á túnnum en hefur færst sig nokkuð um set yfir á ramsar-svæðið á Hvanneyri.

Hverfisvernd er á hinum ýmsu svæðum innan hreppsins ýmist vegna fuglalífs eða gróðurs, enda má finna marga mikilvæga varpstaði fyrir sjaldgæfar tegundir þar. Votlendissvæðið á Fitjum telst vera sérstaklega mikilvægt í því tilliti.



Á mólendis-
svæðum dalsins
er heiðlóan
algeng.



Músarindill
er einn af
einkennisfuglum
birkiskóga og
sést því víða í
Skorradal.

Við
Skorradalsvatn
er himbrimi sagður
vera konungur fugla,
en þar er krían
einnig töluvert
algeng.



„Áður var mikið mýbit við innri enda Skorradalsvatns. Fenginn var maður sem safnaði því saman í ílát og strákur var sendur með það upp á Skarðsheiði. En strákurinn opnaði fyrir því við enda vatnsins og því er mikið mý þar í dag” (Rauðskinna hin nýrri, 3. bindi)

Landspendýr eru nokkur á svæðinu, þau eru fyrst og fremst refir, mýs og minkar. Hagamýs hafa gert sig áberandi innan mannabyggða, og gert íbúum og sumarbústaðaeigendum lífið leitt. Minkarnir halda sig aðallega við Skorradalsvatn og Andakílsána og hefur refurinn sést á melum ofan við Hálsa, en fótspor hans sést víða. Hann heldur sig yfirleitt til fyrir ofan bæina eða í kringum vatnið.

Helstu **dýr í vatninu** eru ferskvatnsfiskar; silungur urriði og hornsíli. Urriða var sleppt í vatnið upp úr 1970 en hornsílin hafa verið þar frá ísaldarlokum. Vatnableikja og murta eru helstu tegundir silungs sem finnast í vatninu. Þá var stærsta bleikja sem veiðst hefur á Íslandi veidd í Skorradalnum. Talið er að stofn fiska í vatninu sé nokkuð stór.

Þess ber að geta að vatnsgeymsla og miðlun úr Skorradalsvatni hefur haft einhver slæm áhrif á lífríki þess, sérstaklega í ljósi þess að fjara stöðuvatna er oft auðug af lífi og sérlega mikilvæg djúpum vötnum eins og Skorradalsvatni. Botn og sunddýr lifa á botnföstum þörungum og gróðri sem finna má í fjörunni. Svifdýrasamfélag vatnsins virðist aftur á móti vera fyrir litlum áhrifum miðlunar þess, og er það mikilvæg fæða bleikjunnar.




Veðurfar

Eins og sést hér á vindrósinni er Suðaustanátt ríkjandi. Ekki er eins mikið af háum fjöllum Suðaustan megin við dalinn og vestan megin við hann. Þar tróna Skarðsheiðin og Hafnarfjallið og virka þau eins og skjólveggir á vindinn.

Úrkoma hefur verið mæld við Andakílsárvirkjun frá árinu 1949 og hafa þær mælingar sýnt að úrkoma á svæðinu sé talsverð. Það má nefna að um 500-600 mm meiri úrkoma mælist í virkjuninni en á Hvanneyri, þrátt fyrir að það séu bara 10 km á milli stöðvanna. Skýringin er fyrst og fremst sú að virkjunin er nær norður-hlíðum Skarðsheiðar þar sem talið er að úrkoma fari yfir 2.000 mm á ári.



Hvammshlíð
jan. 2010 - des. 2015




Árstíðir

Janúar til desember 2015, myndir teknar um hádegðið frá Hvammshlíð.



Skuggakort

Bæir í Skorradal sem lenda í skugga yfir háveturinn.



- Sól hverfur ekki
- 3-6 vikur
- 6-10 vikur
- 10-14 vikur
- 14-17 vikur



Karaktersvæði

Karaktersvæði





Rafmagnsframleiðsla
Svartjörð Hreppslaug
Landbúnaður Hestar
Skessuhorn Birki
Frekar flatt Grund
Skarðsheiði ^{Klettur} Tilfinning fyrir gömlum tímum
Hálsaskógur
Andakílsárvirkjun
Indriðastaðir

Karaktersvæði 1 - Norðan Skarðsheiðar






Heiði
Bústaðabyggð
Þétt kjarr Bátalægi
Dagsverðarnes Birki Yfirsýn
Bratt Hlíð Sól
Stórir bústaðir
Opið rými
Kaldavatnsholur



Karaktersvæði 2 - Við Skorradalsháls





Vatnsuppsprettur
Rauð möl
Myrkur Hænur Litlir fossar
Trjáveggir Bratt Sigræn tré **Skógrækt**
Klettar Hvammur
Eyðibýli Sina Birki
Trjálundir Feluleikur við vatnið
Gönguslóðar Stálpastaðaskógur

Karaktersvæði 3 - Skógræktin





Þéttur skógur

Beitarlandslag

Óslétt
Óslétt Birkir
Heiði

Litlir bústaðir

Háafellsreitur

Nálægð við vatnið


Karaktersvæði 4 - Háafell





Þröng aðkoma
Bátaskýli Mosi
Þröngt rými
Þétt sumarhúsabyggð
Gamlir bústaðir Bryggja
Nálægð við vatnið
Birki Trjáveggur
Mikill bratti Tröppur
Fjölbreyttur trjágróður

Karaktersvæði 5 - Fitjahlíð





Svæði á náttúruminjaskrá
Eiríkur heimski
Klippt greni
Eiríkswatn Tún Fossar
Álfhóll Opið rými
Eyðibýli Fitjar Vörður
Alaskalúpína Fitjakirkja
Fitjaá Flatt Gamlar þjóðleiðir
Manngert svæði
Ósnert landslag
Óraskað votlendi

Karaktersvæði 6 - Dalsbotninn



Mörk jarðlaga liggja í gegnum svæðið

Náttúruverndarsvæði

Skógur
Gamalt birki

Friðlýst svæði

Illfært



Karaktersvæði 7 - Vatnshornsskógur





Kerlingafoss
Flatt Ófærð
Mólendi Mosi Bratt
Greni Skátaheimili
Frístundabyggð Rústir
Heitavatnsöflun Dragá Eyðibýli
Dragafell Birki Líparít
Alaskaösp

Karaktersvæði 8 - Drageyri



Heimildarskrá

Bjarni F. Einarsson. (á.á.) Fornleifaskrá. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Ferðaþjónustan Hlíð í Hvalfjarðarsveit. Skoðað 25. mars á <http://www.hlid.net/>

Gönguleiðir. Skoðað 25. febrúar á <http://www.gonguleidir.is/>

Félag sumarhúsaeigenda í Hvammi (2009-2015). Skoðað 17. febrúar á <http://www.hvammshlid.is>

Framdalur - Vefur fitjasóknar. Skoðað 3. febrúar á <http://www.framdalur.is>

Freysteinn Sigurðsson. (2004). Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla. Árbók Ferðafélags Íslands. Reykjavík. Ferðafélag Íslands.

Guðrún Jónsdóttir, Páll J. Líndal. (2010). Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022. Reykjavík: Skorradalshreppur.

Guðrún Jónsdóttir. (1998) Svæðisskipulag sveitafélaganna norðan Skarðsheiðar 19972017. Reykjavík, Samvinnunefnd um svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar og Skipulagsstofnun

Gögn fengin frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi, Theodór Þórðarson

Helgi M. Sigurðsson. (2002) Vatnsaflsvirkjanir á Íslandi. Reykjavík. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson & Haraldur Ingvason. (2003). Áhrif vatnamiðlunar á vatnalífriki Skorradalsvatns: Forkönnun og rannsóknartillögur. Kópavogur: Náttúrufræðistofa Kópavogs.

Jón Árnason. Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. 2.bindi. Reykjavík. Þjóðsaga

Jón Thorarensen (ritstj.) (1971). Rauðskinna hin nýrri. 3. Bind. Reykjavík. Þjóðsaga.

Jón Þorkelsson. (1956) Þjóðsögur og munnmæli. 2.útgáfa Reykjavík. Bókfellsútgáfan

Landbúnaðarháskóli Íslands. (á.á.). Nytjaland.

Landmælingar Íslands. Skoðað 18. febrúar á <http://www.lmi.is/>

Lára K. Sturludóttir (ritstj.) (2007). Ársskýrsla 2006. Reykjavík. Orkustofnun

Minjastofnun Íslands. Skoðað 16. febrúar á <http://www.minjastofnun.is>

Sigurður M. Einarsson, Ásta K. Guðmundsdóttir. (2014) Búsvæði og þéttleiki laxfiska í Fitjaá í Skorradal. Veiðimálastofnun

Skorradalshreppur. Skoðað 17. febrúar á <http://www.skorradalur.is/>

Skógrækt ríkisins. Skoðað 18. febrúar á <http://www.skogur.is>

Svanhildur M. Ólafsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Þórhildur Ý. Jóhannesdóttir (2004). Skorradalur - Umhverfið mitt. BS ritgerð, Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

Tómas Einarsson, Helgi Magnússon (ritstj.) (1989). Íslandshandbókin - náttúra, saga og sérkenni. Reykjavík. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Þorsteinn Jósepsson, Steindór Steindórsson. (1985). Landið þitt Ísland. Reykjavík. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Myndaskrá

Forsiða- http://www.ismennt.is/not/jonasg/0landid/jg05/skorradalsvatn/skorradalsvatn23441.jpg

Logo- http://www.throskahjalp.is/static/files/ferdathjonusta/skorradalshreppur.jpg

Inngangur- http://www.ismennt.is/not/jonasg/0landid/jg05/skorradalsvatn/skorradalur23306.jpg

Markmið- http://www.skorradalur.is/images/Mynd_1646744.jpg

Staðarhættir

Byggð:

Sumarhúsabyggð- Mynd úr eigin safni

Eyðibýli:

Bakkakot- http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/fasteignir/vesturland/bakkakot/

Hagi- Mynd úr eigin safni

Litla-Drageyri- Mynd úr eigin safni

Sarpur- http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/fasteignir/vesturland/sarpur/

Stóra-Drageyri- Mynd úr eigin safni

Vatnshorn- http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/fasteignir/vesturland/vatnshorn/

Þjónusta:

Fitjakirkja-https://c2.staticflickr.com/4/3901/15159736046_10e68cb65b_b.jpg

Hreppslaug- https://s-media-cache-ak0.pinimg.com/736x/e5/47/e7/e547e79db67a7db54a9ac-

368ba1f730d.jpg

Andakílsárvirkjun:

Andakílsárvirkjun- https://c2.staticflickr.com/8/7088/7293544888_a125490d4d_b.jpg

Gamla virkjun- https://www.or.is/um-or/starfsemi/sagan

Menningaminjar:

Allar myndir frá Bjarni F. Einarsson. (á.á.) Fornleifaskrá. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Samgöngur:

Sildarmannagötur- http://blog.tempo.io/wp-content/uploads/2013/08/%E2%84%A2-Hike-

600x450.jpg

Sjónræn greining:

Myndir úr eigin safni

Náttúrufar

Berggrunnur:

Blágrýti- http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6257

Líparít- http://www.visir.is/100-kilometra-langt-austurstraeti/article/2013131219699

Myndir úr eigin safni

Vatnafar:

Brekkusnigill- https://i.ytimg.com/vi/02iKW-9peuA/maxresdefault.jpg

Hvítserkur- https://www.flickr.com/photos/sveinn71/8964698390

Keilufoss- https://www.flickr.com/photos/bestur/7376396042

Kvíafoss- https://www.flickr.com/photos/sveinn71/288068118

Skóglendi:

Alaskaösp-http://www.malag.aes.oregonstate.edu/wildflowers/images/BlackCottonwoodLeaf_2.JPG

Birki-http://wanda.uef.fi/biologia/nyman/InsectsOnBirch/Packed.Eriophyes.calycophthirus.Betula.pubescens.II.Korvua.25.7.2008.jpg

Kjarrlendi- http://www.folf.is/wp-content/uploads/2011/07/midhus.jpg

Myndir úr eigin safni

Rauðgreni- http://www.skogarbondi.is/wp-content/uploads/2012/12/Raudgreni.pdf

Gróður í Skorradalshrepp:

Alaskalúpína- https://c1.staticflickr.com/9/8018/7454356450_482e35513a_b.jpg

Augnfró- http://kronbladet.no/bilete/500/fjellaugnetroyst22415dkf22414.jpg

Axhæra- http://www.biopix.nl/photos/jcs-luzula-spicata-58240.jpg

Beitilyng- https://c2.staticflickr.com/8/7019/6438294829_5499ae8e06_b.jpg

Bláberjalyng- http://www1.nams.is/flora/pictures/blaberjalyng.jpg

Blágresi- http://farm3.static.flickr.com/2442/3692247852_e48e7bb31e.jpg

Blákolla-https://www.minnesotawildflowers.info/udata/r9ndp23q/pd/prunella-vulgaris-004.jpg

Blóðberg- https://c1.staticflickr.com/9/8021/7531392332_208177259f_b.jpg

Brennisóley- https://c2.staticflickr.com/4/3175/2610686812_8e85fd958b_b.jpg

Brjóstagras- http://www1.nams.is/flora/thumbs/brjostagras.jpg

Engjarós- http://www.biopix.info/photos/jcs-potentilla-palustris-18545.jpg

Flóastör- http://calphotos.berkeley.edu/imgs/512x768/0000_0000/1211/1028.jpeg

Friggjargras- http://farm5.static.flickr.com/4121/4897427927_d517b1bfd7.jpg

Geldingahnappur- https://c1.staticflickr.com/5/4100/4854169762_7c93dcb0f0_b.jpg

Gleym-mér-ei- http://farm3.static.flickr.com/2826/9187248786_1dcf231fa3.jpg

Gullbrá- http://www.floraislands.is/HAPL/saxifhir2b.jpg

Hárdepla-http://news.s3.amazonaws.com/taxon-images-1000s1000/Plantaginaceae/veronica-officinalis-fl-dcameron-b.jpg

Holtasóley- https://c2.staticflickr.com/8/7140/7467903828_50cd6e3176_b.jpg

Holurt-http://lh4.ggpht.com/tSUN25WZ3usMF8tQ33Piky_HsIjpKVhtJR8hB4eOPrn5lnxs7eaJJPExl51X8DQNYs

FYsCLdtu7t7HGzFwv]=s580

Horblaðka- https://c1.staticflickr.com/3/2188/2411800770_9d031f3b07_b.jpg

Hófsóley- http://ahb.is/wp-content/uploads/2013/05/caltha_blom1.jpg

Hrafnaklukka- https://c1.staticflickr.com/9/8008/7403078380_130ded4171_b.jpg

Hrútaber- http://www.luontoportti.com/suomi/images/6397.jpg

Lokasjóður-https://upload.wikimedia.org/wikipedia/commons/4/43/Yellow-rattle_close_700.jpg

Lyfjagras- http://www.greentours.co.uk/img/PINGUICULAVULGARIS1_p1_resize.jpg

Melablóm- http://farm4.static.flickr.com/3298/3555279008_148ce588b2.jpg

Mýrfjóla- http://www.pfaf.org/Admin/PlantImages/ViolaEpipsila2.jpg

Sérbylisstör-https://upload.wikimedia.org/wikipedia/commons/4/48/Carex_dioica_Kiiminki,_Finland_16.06.2013.jpg

Smjörgras-http://arcticplants.myspecies.info/sites/arcticplants.myspecies.info/files/Bartsia_alpina_2258_RB2036_Roger

_D_Bull_2012%20(corrected).JPG

Sortulyng- https://farm5.staticflickr.com/4139/4924465301_58955f18db_b.jpg

Stjörnusteinbrjótur-https://s-media-cache-ak0.pinimg.com/originals/27/88/14/278814b6080f7f81b9895ad8233724ba.jpg

Sýkjagras- http://farm8.static.flickr.com/7137/7443317582_13131b63cb.jpg

Tófugras- http://www.floraislands.is/BURKNAR/dryopass1y.jpg

Tungljurt-https://image.jimcdn.com/app/cms/image/transf/dimension=398x10000:format=

jpg/path/s28208ee0c5e9d5d3/image/i159c7046dde38a02/version/1426438929/image.jpg

Umfeðmingur- http://farm2.static.flickr.com/1266/854739984_bd0bfafa7c.jpg

Vallhumall-http://bergruneva.blog.is/users/2a/bergruneva/img/n_my_pictures_vallhumall.jpg

Vallhæra- http://farm2.static.flickr.com/1232/842084090_96c701bb08_m.jpg

Dýralíf:

Álftir- https://www.flickr.com/photos/27053521@N07/3936992114

Bleikja- http://fiskbokin.is/eldisfiskar/bleikja/

Grágæs- https://dofrablogg.files.wordpress.com/2010/11/grc3a1gc3a6s.jpg?w=850

Hagamús- http://www.ni.is/dyr/spendyr/hagamus

Hrafn- http://img08.deviantart.net/ca4e/i/2013/037/3/6/stock_common_raven_

flying__with_alpha_layer__by_netzepyr-d5u242d.png

Lóa- http://www.visir.is/loa-sast-i-heimaey/article/2011110229292

Minkur- http://www.mustelidae.se/mink-with-fish.jpg-for-web-normal.jpg

Músarindill- http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/10/24/fuglar_taldir_i_husagordum/

Refur- http://wildlifeiceland.is/portfolio/fox/#prettyPhoto[Arctic%20Fox]/0/

Rjúpa- https://www.flickr.com/photos/sindri_skulason/16211404869

Urriði- https://tinna901.wikispaces.com/Urri%C3%B0i

Veðurfar:

Veðurlogo- http://www.synergycounselingcenter.net/userfiles/4903715/image/Weather%20icon.jpg

Árstíðir:

Myndir teknar frá Hvammshlíð- https://www.wunderground.com/webcams/bsig/1/show.html

Skiðuföll:

Mynd úr eigin safni

Karaktersvæði

Bakkakot: http://www.skogur.is/media/fasteignir/myndasafn-storar/Bakkakot-i-Skorradal.jpg

Grund- https://www.flickr.com/photos/sveinn71/288068118

Myndir úr eigin safni

Vatnshornsskógur- http://eldri.ust.is/media/skyrslur2003/Vatnshornsskogur.pdf

